

Gleði – Heilbrigði – Árangur



Grunnskóli Borgarfjarðar

Umbótaáætlun

Vorið 2018 gerðu starfsmenn Menntamálastofnunar úttekt á starfsemi Grunnskóla Borgarfjarðar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Þeir þættir sem voru skoðaðir voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skólabragur. Niðurstöður úttektarinnar eru settar fram í skýrslu sem var birt í júní 2018. Þar eru dregnir fram fjölmargir styrkleikar í starfi skólans og sett fram tækifæri til umbóta.

Við lok síðasta skólaárs 2018 var skýrslan kynnt fyrir starfsfólki, skólaráði og foreldrum. Við upphaf skólaárs var hún kynnt fræðslunefnd. Á haustmánuðum fóru allir starfsmenn skólans yfir þá þætti sem þarf að bæta og komu með sínar hugmyndir um umbætur. Stjórnendur unnu úr tillögum starfsmanna og settu fram loka umbótaáætlun.

Umbótaáætlunin er sett upp í töfluformi ásamt tímaramma og ábyrgðaraðilum. Í umbótaáætluninni koma tillögur til úrbóta fyrir í sömu röð og þær eru í skýrslunni. Í einhverjum tilfellum er búið að framkvæma það sem bent er á. Það kemur þá fram í áætluninni. Grunnskóli Borgarfjarðar þakkar gott samstarf við þá sem stóðu að og framkvæmdu úttektina. Úttektin er afar gagnleg fyrir skólastarfið og gerir okkur kleift að gera gott skólastarf enn betra.

Stjórnun

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Ábyrgðaraðili	Hvenær unnið / lokið	Hvernig / hvenær mælt
Fagleg forysta	Fylgjast reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf.	Deildarstjórar starfstöðva eru í kennslu og samstarfi með kennurum. Setjum okkur markmið um að eiga oftari faglegt samtal við kennarana. Skólastjóri setur það sem markmið að fylgjast með kennslu á hverju stigi a.m.k. einu sinni á önn. Einu sinni í mánuði situr skólastjóri fund með deildarstjóra og þeir fara yfir eitt skólastig í hvert sinn.	Skólastjóri	Vorönn 2019	Sett upp skema þar sem þrisvar sinnum á önn fara skólastjóri og deildarstjóri saman yfir hvaða faglegu samtöl þeir hafa átt við kennara. Yngsta stig – október Miðstig – nóvember Elsta stig – desember Yngsta stig – febrúar Miðstig – mars Elsta stig – apríl
	Vinna að heilsteyptri móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.	Í starfsáætlun er móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn. Farið verður yfir hana og hún gerð ýtarlegri og ákveðið hverjir bera ábyrgð á ákveðnum þáttum.	Skólastjóri	Haust 2019	Birtist í starfsáætlun haustið 2019 og á heimasíðu skólans.
	Huga að því að allir verktakar sem vinna tímabundið í skólanum, skrifi undir trúnað og þagnarskyldu.	Gerð hafa verið eyðublöð sem allir þurfa að skrifa undir.	Skólastjóri	Þegar komið til framkvæmdar	Hægt að sjá eyðublöðin.
	Hafa skráðar og opinberar reglur um upplýsingagjöf varðandi nemendur.	Fara þarf yfir skráðar reglur og gæta að því að reglur um upplýsingagjöf varðandi nemendur komi fram.	Skólastjóri	Í vinnslu veturinn 2018-19	Matsteymi skólans skoðar reglurnar.



	Skrá í starfsáætlun helstu samstarfsverkefni við nærsamfélagið – annað en við skóla.	Bæta við kaflann <i>áherslur í skólastarfi</i> upplýsingum um samstarf skólans við nærsamfélagið.	Stjórnendur	Haust 2019	Birtist í starfsáætlun haustið 2019.
	Gæta þess að samræmi sé milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar skóla.	Við gerð símenntunaráætlunar verður farið yfir umbótaáætlun skólans og gætt að samræmi.	Matsteymi og stjórnendur	Vor 2019	Skoðun sjálfsmatsskýrslu og símenntunaráætlunar haustið 2019.
Stefnumótun og skipulag	Birta skólanámskrá sem heildsteypt rit á heimasíðu með þeim þáttum sem aðalnámskrá grunnskóla kveður á um.	Taka saman þau gögn sem falla undir þennan lið og setja saman í eitt heildsteypt rit.	Stjórnendur	Vor 2019	Kemur fram á heimasíðu skólans.
	Huga að því við uppfærslu starfsáætlunar að þar komi allir hagsmunaaðilar að verki.	Setjum þetta inn í verklagsreglur við gerð starfsáætlunar.	Skólastjóri	Vor 2019	Matsteymi skólans metur haustið 2019
	Huga að því við skipulag að gefinn sé tími til að koma sér í og úr kennslustundum í íþróttum þannig að kennslustundir skerðist ekki.	Við stundatöflugerð verður reynt að gera ráð fyrir tíma til að koma sér úr og í íþróttir þegar tímarnir liggja ekki að frímínútum.	Deildarstjórar	Haust 2019	Við skoðun á stundatöflum haustið 2019
	Hafa skólareglur sýnilegar í kennslurýmum.	Skólareglur hafa verið settar upp í öllum stofum. Einnig hanga þær ein og ein uppi víða um ganga skólans.	Kennarar/deildarstjórar	Vor 2018	Sýnilegt í skólanum.
	Gera móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku.	Til staðar er móttökuáætlun sem samkvæmt þessu þarf að vinna betur og gera skýrari.	Stjórnendur	Haust 2019	Birtist á heimasíðu skólans.



	Vinna árlega áætlun um sérkennslu og stuðning þar sem hægt er að sjá hvernig skólinn hagar sinni sérfræðipjónustu.	Vinna þarf heildstæða áætlun fyrir skólann út frá fyrirbyggjandi gögnum á hverri starfsstöð.	Skólastjóri	Vor 2020	Áætlun sem verður innan skólans.
Samskipti heimila og skóla	Gæta þess að nemendur í skólaráði séu kosnir til tveggja ára í senn.	Þetta var gert við kosningu haustið 2018.	Skólastjóri	Haust 2018	Þegar komið til framkvæmdar

Nám og kennsla

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Ábyrgðaraðili	Hvenær unnið / lokið	Hvernig / hvenær mælt
Nám og námsaðstæður	Birta skólanámskrá sem heildstætt skjal á heimasíðu skólans.	Taka þarf saman þær upplýsingar sem eru á heimasíðu skólans í eitt skjal sem verður birt á heimasíðu skólans.	Stjórnendur/ ritari	Vorið 2019	Er sýnilegt á heimasíðu að hausti.
	Birta kennsluáætlanir fyrir allar námsgreinar.	Kennsluáætlanir eru tilbúnar í september inni á Mentor. Þær verða einnig settar á heimasíðu skólans og verður sett upp verklag til að þær fari fyrir inn á heimasíðu skólans.	Kennarar/ deildarstjórar	Í desember 2018.	Skoðað í upphafi anna.



	Leita leiða til að efla námsárangur nemenda.	Tryggja þarf að nemendur séu með námsefni við hæfi og að þeir setji sér raunhæf markmið. Efla samstarf við foreldra um nám nemenda.	Kennarar/ stjórnendur	Unnið markvisst allt skólaárið	Niðurstöður skimana og prófa skoðaðar.
	Efla enn frekar nýtingu upplýsingatækni í námi.	Bjóða upp á endurmenntun fyrir kennara og aðstoð við innleiðingu breyttra kennsluhátta. Tryggja þarf góðar internettengingar.	Kennarar/ stjórnendur/ fræðslufirvöld	Veturinn 2018-19	Rafræn könnun meðal kennara haustið 2019
	Gæta þess að námstími nemenda skerðist ekki þegar íþróttatímar liggja að öðrum tímum án hlés.	Skilgreina þarf í markmiðum að það að nemendur fari í sturtu eftir íþróttir er hluti af námi sem fer fram í íþróttum og lífsleikni. Gæta þarf að tíma til ferða milli íþróttahúss og skólabyggingar, þó stutt sé á milli, við gerð stundatöflu.	Kennarar / stjórnendur	Veturinn 2019 - 20	Matsteymi skólans metur vorið 2020. Skoðun á kennsluáætlunum, stundatöflum og samtöl við nemendur og kennara.
	Efla enn frekar leiðbeinandi námshætti, umræður og skoðanaskipti í námi.	Kennarar þurfa að huga að því að efla leiðbeinandi námshætti, umræður og skoðanaskipti í námi. Við gerð símenntunaráætlunar þarf að hafa þetta í huga.	Kennarar / stjórnendur	Vor- og haustönn 2019	Matsteymi skólans metur. Haust 2019.
	Leggja áherslu á markvissa samvinnu nemenda í námi.	Áframhaldandi innleiðing teymiskennslu sem hefur áhrif á kennsluhætti. Lögð verði áhersla á markvissa samvinnu nemenda í námi.	Kennarar	Vor- og haustönn 2019	Matsteymi skólans metur. Haust 2019.
	Gefa nemendum fleiri tækifæri til að velja viðfangsefni og eigin námsstíl.	Bjóða upp á endurmenntun sem styrkir kennara í fjölbreyttum kennsluáðferðum og einstaklingsmiðuðu námi.	Stjórnendur	Janúar 2019	Matsteymi skólans metur.



	Efla leiðtogaverkefnið enn frekar.	Gera verk áætlun um hvað við viljum leggja áherslu á, hvert skólaár. Þjóða uppá fræðslu/vinnu með leiðbeinanda verkefnisins sem er sérhæfð fyrir hvert námsstig. Hafa námskeið fyrir nýja starfsmenn í upphafi vetrar.	Kennarar / stjórnendur	Vorið 2019 og Haust 2019	Matsteymi skólans skoðar í nóvember 2019
Þátttaka og ábyrgð nemenda	Móta verklag við að afla sjónarmiða nemenda um skólastarfið.	Halda þjóðfund/könnun meðal nemenda tvisvar yfir árið þar sem þau geta rætt um skólastarfið.	Umsjónakennarar	Haustið 2019	Niðurstaða þjóðfundar/könnunar um skólastarfið út frá nemendum séð
	Tryggja að nemendafulltrúar fái þjálfun til starfa í skólaráði.	Upplýsa nemendur um hlutverk sitt og undirbúa undir fundi skólaráðs með kynningu á dagskrá og málefnum funda.	Skólastjóri/umsjónarmaður nemendaráðs	Að hausti og fyrir hvern fund skólaráðs	Matsteymi skólans skoðar haustið 2019
	Endurvekja umhverfisráð	Umhverfisnefndir eru starfandi á öllum deildum.	Umhverfisfulltrúar	Haust 2018	Kemur fram í Ársskýrslu 2019
	Gera grein fyrir markmiðum náms í upphafi kennslustundar.	Leggja áherslu á að kennarar geri grein fyrir markmiðum við upphafið á nýju viðfangsefni.	Kennarar	Veturinn 2018-19	Farið yfir markmiðin við lok viðfangsefnisins
Námsaðlögun	Gæta þarf að einstaklingum í samkenndunni þannig að allir fái nám við hæfi.	Þjóða upp á endurmenntun sem styrkir kennara í fjölbreyttum kennsluáferðum og einstaklingsmiðuðu námi. Leggja áherslu á að því að allir fái nám við hæfi.	Kennarar/ stjórnendur	Janúar 2019	Matsteymi skólans metur vorið 2019
	Skrá hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats.	Verklagsreglur verða gerðar sýnilegar og aðgengilegar þeim sem að málum koma.	Stjórnendur/ kennarar	2019	Kemur fram í sjálfsmatsskýrslu skólans vorið 2019
	Tryggja gott aðgengi að stoðþjónustu.	Aukin viðvera sérfræðinga. Auka við stöðugildi sérkennara/proskapjálfa.	Fræðslustjóri/ fræðslunefnd	Haustið 2019	Matsteymi skólans metur vorið 2020
	Nemendur taki þátt í að móta og endurmeta markmið einstaklingsnámskrár eins og kostur er.	Koma á eða efla einstaklingsviðtöl við nemendur þar sem þeir setja sér markmið.	Kennarar/ sérkennarar	Vor og haust 2019	Matsteymi skólans metur seinni hluta haustannar 2019

Innra mat

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Ábyrgðaraðili	Hvenær unnið / lokið	Hvernig / hvenær mælt
Framkvæmd innra mats	Gera árlega áætlun um innra mat þar sem koma fram ábyrgðaraðilar, hverjir taka þátt í matinu, tímasetningar og viðmið þar sem það á við.	Í sjálfsmatsskýrslu skólans er þriggja ára áætlun. Út frá henni má gera áætlun fyrir hvert ár þar sem fram kemur hverjir meta, hvað er metið og hvenær.	Skólastjóri	Vor 2019	Birtist í sjálfsmatsskýrslu skólans
	Hafa langtímaáætlun þannig úr garði gerða að ljóst sé að allir helstu þættir skólanámskrár séu metnir reglulega.	Við innra mat skólans er unnið með Gæðagreina sem hafa verið þýddir og staðfærðir af Árskóla í Skagafirði. Farið verður yfir hvort þættir skólanámskrár komi ekki örugglega þar fram og bætt úr þar sem vantar uppá.	Skólastjóri	Vor 2020	Kemur fram í sjálfsmatsskýrslu skólans.
	Gera grein fyrir hvernig markmið skólans sem sett eru fram í skólanámskrá eru metin, t.d. sérstaða skólans.	Við gerð ársskýrslu og starfsáætlunar verður bætt inn hvernig markmið skólans eru metin. Einnig verður skoðað hvort þörf er á að auka mat á þessum markmiðum.	Skólastjóri	Vor 2019	Kemur fram í ársskýrslu
	Skilgreina viðmið, þar sem það á við, um þann árangur sem stefnt er að.	Við gerð ársskýrslu verður stefnt að því að setja inn viðmið um þann árangur sem stefnt er að.	Stjórnendur	Vor 2020	Kemur fram í ársskýrslu
	Skipa matsteymi þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa; starfsmenn, nemendur og foreldrar.	Gætt verður að því að bæta þessum hagsmunaaðilum við teymið.	Skólastjóri	Vor 2019	Kemur fram í sjálfsmatsskýrslu vorið 2019.
Umbótastarf í kjölfar innra mats	Gera umbótaáætlun þannig að tekið sé á öllum þeim þáttum sem fram hafa komið í innra mati og þarfnast umbóta.	Verklagi við innra mat verður breytt þannig að allir þættir koma fram í umbótamati.	Stjórnendur /matsteymi	Vor 2019	Kemur fram í sjálfsmatsskýrslu



	Í umbótaáætlun þarf að koma fram hver er ábyrgur fyrir umbótum, hverjir taka þátt, tímasetningar, leiðir til að ná markmiðum og hvenær og hvernig á að meta umbætur.	Uppsetning forms á umbótaáætlun verður breytt til að mæta þessum kröfum.	Stjórnendur / matsteymi	Vor 2019	Kemur fram í sjálfsmatsskýrslu
--	--	--	-------------------------	----------	--------------------------------

Skólabragur

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Ábyrgðaraðili	Hvenær unnið / lokið	Hvernig / hvenær mælt
Stefna og viðhorf	Setja fram í námskrá hvernig unnið er að markmiðum sem koma fram í grunnþættinum lýðræði og mannréttindi.	Kennarar rýna kennsluáætlanir skólans vorið 2019 og setja niður sameiginleg viðmið fyrir kennsluáætlanagerð fyrir veturinn 2019-2020. Þar verður meðal annars lögð áhersla á að grunnþættir menntunar komi fram.	Stjórnendur/ Kennarar	Vor og haust 2019	Birtist í kennsluáætlunum haustið 2019. Metið af matsteymi skólans.
	Sýna í umbótaáætlun hvernig brugðist er við vísbendingum sem koma fram í Skólapúlssi og varða líðan nemenda.	Bæta við í umbótaáætlun í sjálfsmatsskýrslu.	Skólastjóri/ matsteymi	Vorönn 2019	Kemur fram í sjálfsmatsskýrslu 2019
	Huga að því að nemendur séu kosnir lýðræðislegri kosningu í stjórn nemendafélags og skólaráð.	Nemendur eru kosnir lýðræðislega í stjórn nemendafélagsins, leynileg kosning að undangengnum framboðsfundi. Stjórn nemendafélagsins kys svo sinn fulltrúa í skólaráð úr 8. eða 9. bekk í skólaráð.	Kennarar / umsjónarmaður nemendaráðs	September 2018	Matsteymi skólans metur með viðræðum við nemendur.



	Koma á reglubundnum nemendasamtölum í öllum nemendahópum.	Umsjónarkennurum falið að gera viðtalsáætlun þar sem hverjum nemanda er ætlað eitt viðtal á önn.	Umsjónarkennara/ deildarstjórar	Vor og haust 2019	Deildarstjórar gera athugun á framkvæmd haustið 2019
	Ljúka endurskoðun skólareglna og gera þær sýnilegar í kennslurýmum.	Endurskoðun er lokið. Fela þarf umsjónarkennurum að gera reglurnar sýnilegar.	Deildarstjórar	Desember 2018	Deildarstjórar geri úttekt í byrjun árs 2019